

## **Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs**

Fundur var haldinn í stjórn Sprotasjóðs 12. mars 2015. Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar, Björk Óttarsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, Aðalheiður Steingrímisdóttir, Finnur Friðriksson og Sigrún Vésteinsdóttir, umsýsluaðili Sprotasjóðs.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 13:00. Sigrún Vésteinsdóttir var fundarritari. Eftirfarandi liðir voru ræddir.

### **a) Staða mála**

Sigurjón Mýrdal, fór yfir stöðu mála með stjórn. Fór yfir stöðu mála vegna samnings við umsýsluaðila en verið er að skoða hvernig verður með endurnýjun á samningi sem nú liggur fyrir en samningur við núverandi umsýsluaðila rennur út í júní 2015.

Einnig ræddi hann um fjármuni til sjóðsins sem eru á fjárlögum og hvernig skuli nýta þá fjármuni en Ríkisendurskoðun vinnur nú að úttekt á sjóðnum, ásamt fleiri sjóðum. Verið er að skoða verklagsreglur hjá umsýsluaðila og hvernig samskiptum er háttað við ráðuneytið. Um er að ræða hefðbundna úttekt en reglulega fer Ríkisendurskoðun yfir verklagsreglur sjóða.

### **b) Yfirferð umsókna**

Megin viðfangsefni þessa fundar var að hefja yfirferð umsókna en alls bárust 172 umsóknir og var heildarupphæð umsókna 362.640.928 mkr. Umsýsluaðili hefur skipt umsóknum á milli stjórnarmanna í rafrænu umsóknarkerfi sjóðsins og verður fundurinn nú notaður fyrir fyrstu yfirferð umsókna. Að þessu sinni var farið yfir hluta umsókna og gerður stjórnarmenn grein fyrir því hvaða umsóknir þeir teldu að væru ekki nægilega sterkar til að koma til greina að þessu sinni og var það rökrætt á fundinum. Ákveðið var að stjórnin skyldi hittast á næsta vinnufundi þann 18. mars en þá skyldi haldið áfram með yfirferð umsókna.

Fundi var slitið 15:30